



Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um grjóttvegg við Miklubraut - R17080078

Í fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um grjóttvegg við Miklubraut með fram Klambratúni eru settar fram þrjár spurningar.

- 1. Hver er tilgangurinn með grjóttveggnum?*
- 2. Stenst grjóttveggurinn evrópska umferðaröryggisstaðla?*
- 3. Hver er kostnaðurinn við vegginn?*

Að neðan eru svör við ofangreindum spurningum.

Veggir beggja vegna Miklubrautar milli Lönguhlíðar og Rauðarárstígs eru byggðir samhliða uppbyggingu strætóreinar og göngu- og hjólastíga. Tilgangur þeirra er annars vegar að bæta hljóðvist og umhverfisgæði íbúa við Miklubraut og þeirra sem nota útivistarsvæðið á Klambratúni. Hins vegar eiga veggirnir að stýra þverumferð gangandi og hjólandi vegfarenda. Verkefnið er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar. Vegagerðin gerir þá kröfu að leitast sé við að hindra að gangandi vegfarendur geti farið yfir Miklubraut við Klambratún nema á gangbrautarljósum við Reykjahlíð. Í dag er umferð gangandi vegfarenda yfir götuna hindruð með vegriðum og girðingu í miðeyju. Við hönnun stóð því valið á milli þess að hafa vegrið og girðingu í miðeyju eða lága vegg sitt hvoru megin götunnar.


Á skipulagsstigi og við undirbúning framkvæmdar komu ítrekað fram beiðnir íbúa og hverfisráðs Hlíða um að samhliða uppbyggingu strætóreinar yrði hljóðvist bætt og umhverfið fegrað með meiri gróðri. Að norðanverðu verður grjóttveggurinn 1,3-1,5 m yfir akbraut en að hámarki um 1,2 m yfir hæð hjóla- og göngustíga. Að sunnanverðu verður steiptur veggur sem verður um 1,0- 1,2 metra hár. Þeir sem þarna fara um gangandi og hjólandi munu því sjá vel yfir veggina. Á sunnanverðu Klambratúni eru m.a. leikvöllur og körfuboltavöllur og veggurinn við Klambratún mun bæta hljóðvist á túninu. Aftan við lága vegg beggja vegna götunnar kemur runnagróður og tré. Umhverfisgæði þeirra sem þarna búa og fara um gangandi og hjólandi munu aukast talsvert frá því sem nú er.



Hvorki grjótveggur norðan Miklubrautar né steypdur veggur sunnan hennar hafa verið árekstrarprófaðir, hafa ekki fengið vottun sem eftirgefanlegur vegbúnaður. Árin 1996-2016 urðu 248 óhöpp, þ.e. 223 eignatjón, 17 minniháttar slys og 8 alvarleg slys á Miklubraut milli Lönguhlíðar og Rauðarárstígs. Tvisvar var ekið á ljósastaur, þ.e. eitt eignatjón og eitt alvarlegt slys. Annar útafakstur er ekki skráður á tímabilinu. Verkefnið er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar. Sérfræðingar sem unnið hafa að verkefninu hafa ekki talið ástæðu til að setja upp vegrið til að varna því að bílar aki á veggum norðan eða sunnan götunnar. Ef vilji er til að setja vegrið, til að verja veggum fyrir árekstrum er rými til þess Klambatrúnsmeigin en ekki sunnanmeigin. Um er að ræða götu í grónu borgarhverfi með mikilli umferð og takmörkuðum hraða og aðstæður því aðrar en á vegum þar sem vegrið eru almennt notkun. Veggir munu koma í veg fyrir að ekið verði á ljósastaura eftir breytingar. Því má ætla að öryggi aukist lítillega af þeim ástæðum en besta öryggisaðgerðin er ef hægt verður að lækka umferðarhraðann eins og vonir standa til með þessari framkvæmd. Upplifun ökumanna á eftir að breytast. Gróður verður í miðeyju og einnig beggja vegna götunnar og vegrið og girðing í miðeyju hverfa. Rannsóknir hafa sýnt að með því að þrengja sjónsvið ökumanna, t.d. með gróðri og lágum veggjum eins og þarna er gert, dregur úr hraða bílaumferðar. Eins verða sett upp hraðaskilti sem mæla og sýna hraða bíla sem eru að aka inn á kaflann og aðvara ökumenn (með blikki) ef þeir aka yfir hraðamörkum. Það er vilji borgaryfirvalda að lækka hámarks hraða á Miklubraut á þessum stað úr 60 km/klst í 50. Framangreindar breytingar munu styrkja þá viðleitni en samþykki lögreglu og Vegagerðarinnar þarf til að af því verði.

Kostnaður við grjótkörfuvegg norðan Miklubrautar er um 20 milljónir króna. Kostnaður við steypdur vegg sunnan Miklubrautar er um 40 milljónir króna.

Að neðan má sjá landslagshönnun nýrrar strætóbiðstöðvar við Reykjahlíð og næsta nágrenni hennar.



Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri